

málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 450.00, og Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið mikill dráttur, og stafar hann aðallega af því, að senda þurfti málið í 4 önnur lögsagnarumdæmi, til þess að þar yrðu teknar skýrslur af vitnum, sem þar voru búsett.

**Dómsorð :**

Ákærður, Kristján Helgi Benjámínsson, sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 450.00, og Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1949.

Nr. 100/1948. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn  
**Hlífari Höskuldssyni** (Einar Ásmundsson).

Fiskveiðabrot.

**Dómur Hæstaréttar.**

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Leiðarabók varðskipsins Ægis hefur verið lögð fram í Hæstarétti. Samkvæmt henni voru horn þau, sem mæld voru, er staðarákvörðun var gerð hjá skipi kærða kl. 22.09:

Pétursey

> 44° 32'

Dyrhólaviti

> 61° 55'

Hjörleifshöfði,

en stærð horna þessara hafði misritazt í skýrslu skipherrans.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað stað

penna á sjóupprátt, og reyndist hann vera rúmlega 1.5 sjómílu innan landhelgislínu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að telja sannað, að kærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum í landhelgi. Varðar brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924, en ekki eiga hér við lög nr. 14/1948, þar sem sektir samkvæmt fyrrgreindum lögum eru miðaðar við gullkrónur. Með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 33.96, og þegar litið er til þess, að togbáturinn er einungis 62.71 rúmlestir að stærð, þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 29.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Kærði, Hlífur Höskuldsson, greiði 29.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sveinbjörns Jónssonar og Einars Ásmundssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 8. maí 1948.**

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hlífari Höskuldssyni, Neskaupstað, skipstjóra á v/b Skrúð, S.U. 410, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. l. 4/1924 og l. 14/1948 til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kærður, Hlífari Höskuldsson, er fæddur 29. okt. 1909 að Krossi á Berufjarðarströnd og hefur, svo að kunnugt sé, ekki sætt kæru né refsingu fyrir nokkurt brot.

Málsatvik eru eftirfarandi:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi, dags. 5. maí 1948, var skipið á eftirlitsferð austur með landi út af Pétursey um kvöldið hinn 4. s. m. Kl. 21.27 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Drangshlíðarfjall	> 74° 00'
Pétursey	> 47° 30'
S.endi Dyrhólaeyjar	

Réttvisandi stefna Ægis 112°. Sást þá skip fram undan, sem hlaut að vera á landhelgisvæðinu.

Kl. 21.55 var gerð staðarákvörðun: Hjörleifshöfði  $\neq$  S. kanti Lundadrangs > til Péturseyjar 90° og Lundadrangur > skipið 30°. Var þá auðséð, að það var á landhelgisvæðinu. Kl. 22.02 var sett upp stöðvunarkerki og kl. 22.09 stöðvað við hlið v/b Skrúðs, er var að taka inn stjórnborðsvörpu sína. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Pétursey	> 44° 00'
Dyrhólaviti	> 66° 55'
S.k. Hjörleifshöfða	

Dýpi 65 metrar, sem gefur staðinn 1.5 sjóm. innan landhelgislinu.

Skipstjóri Skrúðs var sóttur og honum bent á það, að hann hefði verið að landhelgisveiðum, en hann taldi sig ókunnugan á þessum slóðum og varpan hefði orðið óklár hjá sér, en hann kvaðst ekki véfengja mælingar varðskipsins. Síðan var skipstjórinn fluttur í skip sitt og honum skipað að halda til Vestmannaeyja og bíða Ægis þar, en hann hélt áfram austur með landi kl. 23.19.

Veður var: SV. 2; sjór SV. 2; skýjað.

Lagt var fram í réttinum sjókort og staðurinn samkvæmt ofanrituðum staðarákvörðunum markaður á kortinu.

Kærður hefur eigi véfengt, að staðarákvarðanir varðskipsins væru réttar, og samþykkti, að hann hefði verið í landhelgi, er varðskipið kom að honum. Hins vegar neitar hann að hafa verið að veiðum. Kveðst hann hafa kastað vörpunni fyrir utan landhelgislinuna í umrætt sinn, en varpan hafi orðið óklár og skipið rekið inn fyrir landhelgislinu í um 2 klst. Vindur var SV. 3—4 stig, er hann kastaði, en lægði, er frá leið.

Kærður skýrði svo frá, að „trollið“ hafi orðið óklárt, þannig að hlerarnir fóru saman og vírarnir snerust saman fyrir ofan hlerana. Hlerarnir voru báðir hífðir upp í framgálga og þar lásað úr framhleranum. Hlerunum var þannig komið fyrir, að afturvír eða aftur „grandrópur“ var bundinn. Kærður segir, að forvængur hafi að nokkru leyti verið klár, poki klár og belgur að nokkru leyti, en afturvængur og það, sem fyrir utan var, var í haug. Tókst seint að greiða flækjuna, en búið var að því um svipað leyti og varðskipið kom að þeim. Kærður tekur fram, að lifandi fiskur hafi ekki verið í pokanum, er hann var kominn inn á dekkið. Hins vegar voru nokkrir dauðir kolar og ein keila, að hann minnir, og kvaðst hann halda, að þessi fiskur hefði verið í pokanum, er hann var látinn út í síðasta skipti.

Hásetinn Jóhann Þorgeir Klausen skýrði svo frá, að þeir á v/b Skrúð hefðu kastað um kl. 20 þá um kvöldið 4/5 sl. og hift inn skömmu síðar. Þegar hlerarnir komu upp úr sjónum, voru þeir fastir saman, og þar sem skipshöfnin hafi verið óvön togveiðum, hafi það tekið þá nokkurn tíma að greiða þetta sundur. En eftir ýmsar tilraunir með hlerana í sjávarskorpunni var forhlerinn hífður upp í gálga, og þar var „grandrópnum“ lásað úr forhleranum. Gekk þetta seint sökum þess, að afturhlerinn hékk þungt í „grandrópnum“. Síðan var afturhlerinn hífður upp í afturgálga. Segir hann, að varpan hafi verið meira og minna snúin, og hafi þeir tekið það ráð að losa vænginn við leggina. Hann kveðst ekki minnst þess, að pokinn hafi verið óklár né belgur. Segir hann, að afturvængur hafi verið flæktur við kjaftinn, en hins vegar sé ekki hægt að segja, að „trollið“ hafi allt verið í haug. Ekki kveðst hann minnst þess, að rifnað hafi hjá þeim. Ekki kveðst hann muna glögg, hvort kolar með lífsmarki hafi verið í pokanum, er hann var dreginn innbyrðis, en langa hafi legið þar.

Fyrsti vélstjóri á v/b Skrúð, Alfreð Guðnason, hélt því einnig fram, að báturinn hefði eigi verið að veiðum í landhelgi, heldur hefði hann rekið inn í landhelgina með óklára vörpu, og gerði hann ráð fyrir, að bátinn hefði verið búið að reka í um 2 klst., er varðskipið kom að. Segir hann, að um kl. 20 hafi varpan orðið óklár, snerust hlerarnir saman, og þurfti að lása úr afturvæng og bera hann fyrir forvæng og hífa upp „bobbingana“. Hann kvað bátinn ekki hafa snúið, meðan verið var að greiða úr flækjunni. Segir hann, að afturvængur eða „trollið“ hafi ekki verið í hnút eða aðeins snúningur á afturvæng.

Hásetinn Pétur Nikulásson hélt því einnig fram, að bátinn hefði rekið inn í landhelgina með óklár veiðarfæri. Vindur hafi verið 3—4 vindstig, þegar báturinn byrjaði að kasta, en síðan farið lygnandi. Kveðst hann ekki muna, hvað klukkan hafi verið, þegar varpan varð óklár. Kvað hann víra hafa verið snúna saman. Hann kvaðst ekkert geta sagt um það, hvort báturinn hafi snúið, meðan greitt var úr veiðarfærunum.

Óskar Jónasson, kafari á Ægi, kvaðst hafa verið sendur um borð á bát kærðs, v/b Skrúð, með öðrum manni, eftir að varðskipið kom á vettvang. Segir hann, að veiðarfæri bátsins hafi þá verið klár. Kvaðst hann í mörg ár hafa verið togarasjómaður og vel kunnugur botnvörpuveiðar-

færum. Leit hann á netið og pokann, og var hvort tveggja heilt og ekki sjáanleg nein merki þess, að um flækju hefði verið að ræða, enda hefðu skipverjar dregið það af veiðarfærunum, sem í sjó var, hindrunarlaust inn. Hann kvaðst ekki vita þess dæmi, að stærri flækjur á botnvörpu séu greiddar utan borðs. Slíkt eigi sér ekki stað, nema um snúning í væng sé að ræða, og taki slík aðgerð aðeins nokkrar mínútur.

Hann segir, að í pokanum hafi verið nokkrir lifandi kolar, að hann minnti, og ein langa hreyfingarlaus. Á dekki lágu dauðir fiskar. Tók mættur á virunum, og voru þeir ekki blautir.

Baldur Einarsson, bátsmaður á varðskipinu Ægi, kveðst hafa verið á þilfari varðskipsins, er það stöðvaðist við v/b Skrúð. Var þá stjórnborðsvarpa bátsins í sjó og hlerar komnir í gálga. Kvaðst hann hafa farið um borð í Skrúð með Óskari Jónassyni og athugað framhluta veiðarfæranna og strokið höndum um framhlerann, og var hann votur. Engin merki sá hann þess, að um flækju hefði verið að ræða, enda hefði netið legið slétt fram og í eðlilegum stellingum. Hann sá dauðan fisk liggja stjórnborðsmegin frammi á skipinu. Hann fór höndum um vírana, og voru þeir hálfurrir, og hafði hann orð á því.

Hann kvaðst vera vanur togarasjómaður og kvaðst ekki vita til þess, að flækjur í veiðarfærum væru greiddar utan borðs, nema því aðeins að um smámuni væri að ræða, svo sem snúning í væng.

Kvaðst hann álita, að útilokað væri, að varpa v/b Skrúðs hefði verið svo flókin, að það hefði getað tekið langan tíma að greiða hana.

Skipherrann á Ægi skýrði svo frá, að meðan kærður var um borð í varðskipinu og honum voru sýndar staðarákvarðanir varðskipsins, er tók 45 mínútur, hafi Ægi rekið 0.8 sjómilur og hafi skipið rekið S.A. t. A. ½ A. Kærður kvaðst ekki véfengja, að þetta væri rétt.

Samkvæmt því, sem að ofan er rakið, telur kærður og skipverjar hans, að bátinn hafi rekið með óklár veiðarfæri 1.5 sjóm. inn í landhelgi á um 2 tímum. Með tilliti til vindáttar, sem sýnir, að skipið hlaut að reka á ská inn í landhelgina, virðist þetta tæplega fá staðizt, þegar höfð er í huga vegalengdin, er varðskipið rak, meðan kærður var um borð, er sýnir, að varðskipið hefði ekki rekið jafndjúpt inn í landhelgina á 2 tímum með sömu vindátt og vindhraða. En auk þess er yfirbygging varðskipsins mun meiri en yfirbygging báts kærðs, og hlaut varðskipið því að reka mun hraðar. Þá verður og að telja í meira lagi ólíklegt, að áhöfn bátsins hafi þurft svo langan tíma til þess að koma veiðarfærunum í rétt horf sem kærður og skipverjar hans halda fram, og þykir ekki fært að leggja trúnað á frásögn þeirra, þar sem veiðarfæri bátsins báru þess engin merki, að um flækju eða snúning hefði verið að ræða, er menn varðskipsins komu um borð. Þá virðist vél skipsins hafa verið í fullu lagi, og hefði kærðum því verið innan handar að halda sér utan við landhelgi, og er því ekki unnt að fallast á, að skipið hafi vegna neyðarástands borizt inn í landhelgina. Með tilliti til þess, er nú hefur verið greint, þykir verða að telja, að kærður hafi verið að botnvörpuveidum í landhelgi, er varðskipið bar að. Hefur hann þar með gerzt brotlegur gegn ákvæðum laga nr. 5

frá 1920, 3. gr., sbr. l. nr. 4 frá 1924 og lög nr. 14 frá 1948. Þar sem kærður hefur ekki áður sætt kæru né refsingu fyrir sams konar brot, þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 88.500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands með tililiti til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 33.90 aurar og verðlagsvisitala 300. Hina tildæmdu sekt ber kærðum að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi ella í stað hennar 7 mánaða varðhald.

Allur afli og veiðarfæri í v/b Skrúð, S.U. 410, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber kærðum að greiða.

Því dæmist rétt vera :

Kærður, Hlifar Höskuldsson, greiði kr. 88.500.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í m/b Skrúð, S.U. 410, er gert upptækt til sama sjóðs.

Kærður greiði allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. júní 1949.

Nr. 33/1949. **Réttvísinn** (Eggert Claessen)  
gegn

**Ingólfi Einarssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Manndráp. Sakhæfi. Öryggisgæzla.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með úrskurði Hæstaréttar 2. maí þ. á. var æskt umsagnar Læknaráðs um andlega heilsu ákærða, svo sem nánar greinir í úrskurðinum. Hæstarétti hefur borizt umsögn Læknaráðsins, dags. 24. þ. m., og er ályktun réttarmáladeildar ráðsins á þessa leið:

„Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur sakborningur fengið geðveikisköst bæði fyrir og eftir 3. maí 1947, en annars virðist hann ekki hafa verið geðveikur þess á milli. Réttarmáladeild getur fallizt á ályktun yfirlæknis geðveikrahælis ríkisins, dr. Helga Tómassonar, að sakborningur